

# LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta  
The National Union of Icelandic Students  
Established 2013



Reykjavík, 25. febrúar 2019

## Áskorun til þingflokka um að sýna samstöðu við kröfur stúdenta

Undirrituð skora á þingflokka að sýna samstöðu við kröfur stúdenta í verki með því að mæta á samstöðufund 26. febrúar n.k. kl 09:00 fyrir utan Lánasjóð íslenskra námsmanna að Borgartúni 21. Þá á sér stað stjórnarfundur LÍN þar sem tekin verður ákvörðun um úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2019-2020.

LÍS - Landssamtök íslenskra stúdenta, stóðu í janúar fyrir herferð fyrir bættum Lánasjóði íslenskra námsmanna, LÍN. Undir yfirskriftinni Stúdentar mega ekki hafa það betra var bent á þá alvarlegu vankanta sem eru til staðar í úthlutunarreglum lánasjóðsins. Nauðsynlegt er að grunnframfærsla stúdenta sé aukin og frítekjumark hækkað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna lánar einhleypum stúdent í eigin húsnæði 184.606 kr á mánuði til þess að lifa á. Þegar framfærsla stúdenta er borin saman við aðra samfélagshópa er augljóst að það hallar verulega á stúdent. Til samanburðar eru grunntvinnuleysisbætur 279.720 kr á mánuði og lágmarkslaun 300.000 fyrir skatt.

Einungis er lánað fyrir níu mánuðum á ári og þess vegna gert ráð fyrir því að stúdentar vinni yfir sumarmánuðina. Ákveðið svigrúm er til staðar sem stúdentar mega vinna sér inn á ársgrundvelli án þess að tekjur valdi skerðingu á lánum. Frítekjumark er 930.000 kr á ári fyrir skatt. Frítekjumark hefur hækkað um 0% frá árinu 2014 en laun í landinu hafa aftur á móti hækkað um 43% samkvæmt launavísitölu Hagstofu, 70% lánþegar fór yfir frítekjumark á árinu 2017 og hlutu því skerta framfærslu fyrir vikið. Eins og staðan er í dag festast stúdentar í vítahring frítekjumarks og framfærslu og neyðast til þess að vinna með námi. Stúdentar krefjast þess að frítekjumark verði hækkað upp í 1.330.000 kr í samræmi við launaþróun og að húsnæðisgrunnur í framfærslu sem hljóðar í dag upp á 75.000 kr verði endurreiknaður á gagnsæjan máta í samráði við stúdent.

Undirrituð skora jafnframt á alla flokka á Alþingi að styðja við kröfur stúdenta í ár um bætтар úthlutunarreglur í verki og leggja sitt að mörkum við að bæta þannig kjör stúdenta.

Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður Landssamtaka íslenskra stúdenta  
Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Sólveig María Árnadóttir, formaður Stúdentafélags Háskólans á Akureyri  
Jóhanna Ásgeirsdóttir, fyrir hönd Nemendaráðs Listaháskóla Íslands  
Eygló María Björnsdóttir, formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík  
Jóhann Gunnar Þórarinnsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra námsmanna erlendis  
Leifur Finnbogason, hagsmunafulltrúi Nemendafélags Háskólans á Bifröst  
Hera Sól Hafsteinsdóttir, formaður Nemendafélags Landbúnaðarháskóla Íslands  
Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm, formaður Ungra vinstri grænna  
Nikólína Hildur Sveinsdóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna  
Vignir Árnason, formaður Ungra Pírata  
Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, formaður Sambands ungra Framsóknarmanna  
Kristófer Alex Guðmundsson, formaður Uppreisnar